

Ræða á ársfundi FA 2004: Kynning á ársriti FA.

Fundarstjóri, góðir fundargestir.

Fyrsta ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins kemur út í dag. Það er næstum því heitt úr prentsmiðjunni. Ritið er helgað þeim málefnum sem Fræðslumiðstöðin stendur fyrir. Það ber nafnið Gátt og er undirtitillinn "ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun". Ritið er vandað fagrit um 100 síður að lengd, í því eru fjölmargar greinar um málefni sem varða nám fullorðinna.

Markmið ársritsins er að efla umræðu um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi. Enn fremur safna saman og miðla reynslu og kynna það sem efst er á baugi í kennslufræðum, kenningum, námsleiðum, nýjum bókum, gögnum, tækjum og vefsíðum.

Í blaðinu eru meðal annars yfirlitsgreinar um menntamál s.s. grein Jóns Torfa Jónssonar um stöðu og þróun starfsfræðslu og símenntunar á Íslandi og rannsókn á læsi fullorðinna eftir Elísabetu Arnardóttur og Guðmund Kristmundsson. Þessi rannsókn fór fram á árinu og verið er að vinna úr niðurstöðum. Í grein sinni veita þau Elísabet og Guðmundur okkur innsýn í fyrstu niðurstöður.

Kennslufræðigreinar eru all margar s.s. "Finnst fullorðnum líka leikur að læra" eftir Sigrúnu Jóhannesdóttur og "Fjölgreindarkenningin í fullorðinsfræðslu" eftir Erlu Kristjánsdóttur. Einnig eru lýsingar á tveimur námsleiðum, annars vegar segir Hólmfríður Guðmundsdóttir frá "Aftur í nám", sem er fyrir þá sem glíma við lestrarörðugleika og Guðmunda Kristinsdóttir segir frá verslunarfagnámi, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk það verkefni að skrifa námsskrá fyrir. Ásmundur Hilmarsson hefur þýtt og endursagt samandregnar niðurstöður úr skýrslu OECD 2003, Beyond rhetoric: Adult Learning Policies and Practices. Í skýrslunni er fjallað um reynslu 9 ríkja af stefnumótun fyrir nám fullorðinna, dregnar ályktanir af reynslu þeirra og birtur fjöldi atriða sem vel heppnuð stefnumótun byggist á.

Ein grein er um náms- og starfsráðgjöf; Fjóla María Lárusdóttur skrifar greinina "Þróun ráðgjafar á vinnustöðum", en hún hefur tekið þátt í færa aðferðir náms- og starfsráðgjafar út á vinnustaðina.

Tvær greinar eru um markhóp þann sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur einkum fyrir þ.e. þá sem ekki hafa lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðra sambærilega hópa. Það eru þeir Garðar Vilhjálmsson hjá Eflingu stéttarfélagi, sem tekur saman efni um félagsmenn innan Eflingar og Ásmundur Hilmarsson, sem hefur tekið saman efni frá Hagstofu Íslands.

En rauði þráðurinn í ritinu og þar með flestar greinarnar fjalla um raunfærni. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk það verkefni í þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið að eins og stendur í samningnum:

"Aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á námi og námsárangri, þ.m.t. mat og vottun á óformlegu námi og starfsþjálfun í samstarfi við atvinnulífið og fræðsluaðila."

Það má segja að unnið sé að þessu á tvennan hátt á vettvangi Fræðslumiðstöðvarinnar; annars vegar með því að meta lengri námstilboð til eininga á framhaldsskólastigi í samstarfi við matsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins. Fimm námsskrár hafa þegar verið metnar og fleiri eru í vinnslu. Þær námsskrár sem hafa verið metnar liggja frammi hér aftast í salnum og þeir sem ekki hafa þegar fengið eintök send í pósti geta tekið þau hér. Námsskrárnar eru einnig á vef fræðslumiðstöðvarinnar frae.is.

Ræða á ársfundi FA 2004: Kynning á ársriti FA.

Hin leiðin er að meta raunfærni einstaklinga. Í ársritinu eru sjö greinar um þennan málaflökk. Tvær greinar eru erlendis frá, önnur frá Noregi en hin frá Svíþjóð. Það er VOX í Noregi, sem heldur utan um raunfærnimatsverkefnið þar í landi, Torild Nilsen Mohn skrifar norsku greinina, en hún er okkur að góðu kunn, heimsótti Fræðslumiðstöðina og kynnti fyrir okkur starfið í Noregi og var gestafyrirlesari á fundi sem Fræðslumiðstöðin hélt fyrir fræðsluaðila fyrr á þessu ári. Greinin frá Svíþjóð er eftir Ronny Nilsson og Ingelu Bergman, en þau starfa við nýja Raunfærni- og vinnuáætlunarmiðstöð í Málmey. Tilraunaverkefni í að meta raunfærni hefur staðið yfir í Svíþjóð rá því á haustdögum árið 2000, þau lýsa starfinu og skilyrðum sem gengið er út frá í Málmey.

Við höfum mikið að sækja til nágranna okkar þegar kemur að raunfærnimati, vegna þess að þeir eru komnir lengra í þróuninni.

Aðrar greinar eru út frá sjónarhóli atvinnulífsins s.s. grein eftir Sigbrúði Guðmundsdóttur og Ragnhildi Vigfúsdóttur hjá Landsvirkjun sem ber heitið "Hvað þarftu að kunna og geta til að geta sinnt starfi þínu, eða af sjónarhóli framhaldsskólanna s.s. grein Sólva Sveinssonar um "Mat á raunfærni og óformlegu námi".

Þessi fyrsti opni ársfundur Fræðslumiðstöðvarinnar er einnig helgaður raunfærnimati eins og þið sjáið á dagskránni. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að ef takast á að ná árangri í mati á raunfærni þurfa margir aðilar að taka höndum saman. Það þarf því að hvetja til umræðu um það hvernig málum verði best fyrir komið hér á landi.

Ársritið og þennan ársfund ber því að líta á sem kynningu á hugmyndum um raunfærnimat, verkefni sem við teljum að eigi eftir að verða umfangsmikið í starfi okkar á næstu árum. Jafnframt bjóðum við upp í samtali um þetta verkefni þannig að hægt verði að taka tillit til þeirra aðila og þeirra sjónarmiða, sem þurfa að koma að mati á raunfærni þegar við setjum raunfærnimat í íslenskan farveg til hagsbóta fyrir einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið í heild á næstu árum.

Ársritið liggur frammi. Takið ykkur eintak um leið og þið farið fram í kaffi– þið getið fengið fleiri eintök hjá okkur, ef þið óskið eftir því. Ritið verður einnig sett á vefinn á pdf. sniði og það verður því hægt að nálgast það þar líka.